

Ilmurinn á Akranesi !

Áhugahópur um betri byggð

Íbúafundur um málefni HB Granda á Breiðinni 28. maí 2015

Er þér sama þótt stærsta fiskhausapurrrkun í heimi sé í hverfinu þínu, með tilheyrandi ólykt sem sannarlega skerðir lífsgæði fólks?

Okkur er ekki sama!



Ljósmynd : Guðni Hannesson

Við viljum jöfn lífsgæði og ómengað andrúmsloft fyrir alla íbúa Akraness og skorum á bæjarstjórn að standa með íbúum bæjarins.

Áhugahópur um betri byggð

- Þverpólítískur hópur áhugafólks um betri byggð á Akranesi
- Hópur sem þekktist ekki endilega áður, en kom saman í einum tilgangi:

➤ Losna við vondu lyktina

- Við styðjum atvinnuuppbyggingu
- Við viljum öflugt og aðlaðandi bæjarfélag
- Bakland okkar eru 335 undirskriftir sem safnað var saman á stuttum tíma af örfáum íbúum!


Áhrif lyktarmengunar á lífsgæði á Akranesi og íbúabyggð

STAÐREYNDIR:

- Hnignun húsa fyrir neðan sjúkrahús
- Erfitt er að selja eignir á neðri Skaga
- Ólyktin hefur áhrif á þróun byggðar. Þekkt er að almennt eru sjávarlóðir og miðbær eftirsóttir staðir til að búa á í þéttbýli!
- Húseignir íbúa á neðri Skaga eru verðfelldar vegna lyktarmengunar
- Fjöldi nemenda í Brekkubæjarskóla hefur staðið í stað síðan 1995

Spurningar sem þarf að svara:

- Þarf að taka fram í kaupsamningum um lyktarmengun á neðri Skaga?
- Málaferli?



Framtíðarsýn ?

Bæjarbúar hafa kynnt flottar hugmyndir um framtíð Akraness þar sem ferðapjónusta og önnur fyrirtæki geta vaxið og dafnað með fjölgun íbúa

Hugmyndir um **uppbyggingu neðri Skaga**, **þéttingu í kringum fallega verðlaunatorgið okkar** og **fegrun á Breiðinni** verða ekki að veruleika með tilkomu stærstu fiskþurrkunar í heimi!

Úr bæjarmálasamþykkt

Þar segir m.a. í kaflanum UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL:

- Bæta aðstöðu og aðgengi að útivistarperlum Akraness
- Fegra umhverfi eldri íbúðahverfa og leita leiða til að styðja við lagfæringu eldri húsa
- Efla gamla miðbæinn



Hvert stefnum við?

Hver er stefna Akraneskaupstaðar fyrir bæinn okkar – í hvaða átt erum við að þróast – veit það einhver af þeim sem stýra bænum okkar?

**Ef markmiðið er ekki skýrt
hvernig lítur bærinn okkar þá út eftir 5, 10 eða 30 ár?**

Margir íbúar á Neðri Skaga hafa sett mikla vinnu í viðhald húsa sinna en spyrja núna: Hvernig kemur stækkun Laugafisks út fyrir okkur?

Hefur fyrirhuguð stækkun mögulega neikvæð áhrif á aðra atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu á svæðinu?

Saga Laugafisks

- Missti starfsleyfið í Njarðvíkum vegna lyktarmengunar 2002
- Kom til Akraness árið 2003
- Óánægja íbúa frá upphafi: fjöldi kvartana og málaferli!
- Bæjarstjórn og Heilbrigðiseftirlit hafa ekki staðið með íbúum bæjarins – reglur í starfsleyfi voru rýmkaðar fyrir fyrirtækið 2008
- Nýlega var tekinn í notkun nýr hreinsibúnaður (Bio filter) en lyktin hefur ekki lagast við það!
- Hafa kvartanir borist eftir að búnaður var settur upp? Já



Þegar loftmengun skerðir lífsgæði !

Þegar ólykt liggur yfir öllu er ekki mögulegt að:

- opna glugga
- njóta útiveru/útvistar
- hengja þvott út
- láta ungbörn sofa úti
- geyma bílinn sinn úti
- börn neita að fara út að leika

Loftmengun veldur streitu og vanlíðan íbúa !



VSÓ RÁÐGJÖF

Lyktarmengun frá fiskþurrkun

Lyktarmál geta verið snúin m.a. vegna þess hversu mismunandi smekkur og þol fólks er fyrir lykt. (bls. 4)

„Efnin sem eru illa lyktandi hafa oft mjög lágan lyktarþröskuld og mikla viðloðun og þess vegna eru neikvæð lyktaráhrif þeirra veruleg.“ (bls. 4)

„Í ákveðnum vindáttum og jafnvel logni getur lykt sem að öllu jafnan veldur ekki óþægindum orðið óbærileg.“ (bls. 4)

Rétt er að benda á að sama hvaða tækni verður notuð verður aldrei hægt að koma algjörlega í veg fyrir lykt frá starfseminni. Þurrkun á fiski mun alltaf fylgja einhver lykt, en með þeim aðferðum sem HB Grandi hyggst beita og þeim viðbótum sem hér eru lagðar til ætti að vera tryggt að sú lykt valdi ekki óþægindum í næsta umhverfi við verksmiðjuna.

(bls. 3 og 19)

VSÓ RÁÐGJÖF

„Reynslan sýnir að þegar ein lyktaruppspretta er fjarlægð **vilja koma fram aðrar uppsprettur af lykt sem ekki hafa fundist áður** þar sem lyktin var sterkari frá þeirri sem er fjarlægð.“ (bls. 5)

Ætlum við að halda áfram að taka þátt í svona tilraunastarfsemi í önnur 12 ár?

Í skýrslunni er vitnað í leiðbeiningar norska umhverfisráðuneytisins þar sem sagt er að óþægileg lykt valdi streitu hjá fólki ef hún fer **yfir 8 klst í mánuði**. Streita var ekki mæld meðal íbúa sem búa við lyktina frá Laugafiski, en hún er greinilega mikil – annars væri ekki kvartað.

Markmið leiðbeininganna „**er ekki að útrýma lykt í nágrenni lyktarmikillar starfsemi, heldur að að koma í veg fyrir að hún valdi streitu...**“. Meðal helstu atriða er þetta:

„Ef strax í upphafi er ljóst að lykt frá fyrirtæki verði vandamál **þá ætti að hugsa um annan stað fyrir framleiðsluna.**“ (bls. 10)

Fjarlægðir



Breiðargata 8 að:

Esjubraut	1800 m
Ráðhús	1250 m
Apótek	2400 m
Viðjuskógar	2500 m
Sundlaug	1600 m
Grundaskóli	1800 m
Jörundarholt	2600 m

Höfðasel að:

Esjubraut	3300 m
Ráðhús	3750 m
Apótek	2550 m
Viðjuskógar	2500 m
Sundlaug	3500 m
Grundaskóli	3300 m
Jörundarholt	2800 m

Heilbrigðiseftirlit – Fyrir hvern?

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Markmið laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Í 5. gr. laganna segir að atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt sömu lögum skulu vera í starfsleyfum ákvæði sem tryggi að atvinnurekstur sé þannig úr garði gerður að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar og að beitt séu bestu fáanlegu tækni. Þar kemur skýrt fram að mengun taki einnig til ólyktar.

- Heilbrigðiseftirlitið er til verndunar íbúa gagnvart umhverfi / iðnaði
- Hefur heilbrigðiseftirlitið snúist gegn íbúum?
- Hvað varð um allar kvartanirnar sem hafa verið sendar til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands?

Heilbrigðiseftirlit – **Fyrir hvern?**

Að okkar mati fær heilbrigðiseftirlitið **falleinkunn** í skýrslu VSÓ (sjá umfjöllun bls.14-15) 4 atriði af 14 eru í lagi samkvæmt töflu !

Heilbrigðiseftirlitið sem á fyrst og fremst að hugsa um hag almennings virðist frekar hugsa um hag fyrirtækisins með því að hunsa kvartanir eða taka þeim af léttúð. Þetta hefur haft þau áhrif að traust íbúa til heilbrigðiseftirlitsins og fyrirtækisins er ekkert.

Kvörtunum hefur ekki verið miðlað áfram:

Kvartanir og ábendingar frá íbúum

Móttaka kvartana

Kvartanir berast til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og HB Granda. HB Grandi hefur ekki fengið athugasemd frá heilbrigðiseftirlitinu síðan starfsleyfið var endurnýjað 2008.

Kvartanir virðast tengjast bæði forþurrkunarferlinu og eftirþurrkunarferlinu, en oft hefur því verið haldið fram að mesta lyktin komi frá eftirþurrkuninni.

Heilbrigðiseftirlit – Fyrir hvern?

Laugafiskur ehf á Akranesi hefur ekki staðið við skuldbindingar starfsleyfis og segir orðrétt í bókun stjórnar Heilbrigðiseftirlis Vesturlands (64. Fundur 21/6 2006) „ ...og einnig þykir ljóst að þær upplýsingar sem forráðamenn fyrirtækisins lögðu fyrir HEV og voru forsendur starfsleyfis fyrirtækisins hafa ekki reynst í samræmi við raunveruleikann og lyktarmengun meiri en forsendur starfsleyfis gera ráð fyrir“.

- Þetta var 2006 af hverju fengu þeir rýmkað starfsleyfi 2008?
- Óskiljanlegt að fyrirtækið hafi ekki verið fyrir löngu svipt starfsleyfi.
- Ástandið er með öllu óviðunandi

Fullreynt !

- Fiskþurrkun á ekki heima inni í íbúabyggð.
- Lyktarlaus fiskþurrkun er ekki möguleg miðað við núverandi tækni (bls. 3 og 19)
- Fyrirtækið hefur fengið 12 ár í tilraunastarfsemi!

Stjórnendur HB Granda! Við skorum á ykkur að finna aðra staðsetningu fyrir fiskþurrkun ykkar í samráði við bæjaryfirvöld og í sátt og samlyndi við ALLA íbúa á Akranesi.

Við elskum bæinn okkar en þolum ekki vonda lykt !

VSÓ ráðgjöf

1. Nú hefur VSÓ gert margar skýrslur um lyktarmengun á síðustu árum, ríkir einhversstaðar á Íslandi sátt um fiskþurrkun?
2. Í skýrslunni er talað um að ólyktin muni minnka, hvernig fékk VSÓ þessa niðurstöðu?
3. Hvenær er vond lykt ásættanleg?
4. Liggur fyrir hvaða búnaður verði notaður hjá HB Granda í nýju húsnæði?
5. Hvers vegna eru ekki tölur um fjölda kvartana á árunum 2003 – 2011 í skýrslu ykkar? (bls. 15)

HB Grandi

1. Hafa aðrar staðsetningar fyrir fiskþurrkunina verið skoðaðar eða ræddar sem eru fjær íbúabyggð? Ef ekki hvers vegna?
2. Hvaðan kemur hráefnið í dag?
3. Hversu mikil vinnsla var í fiskþurrkuninni á síðastu tveimur árum að meðaltali?

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands / heilbrigðisnefnd

1. Óson:
 - a. Hvað er áætlað magn af ósoni sem losað er út í andrúmsloftið. Er það magn undir heilsuverndarmörkum?
 - b. Hvað verður um ósonið sem notað er til að eyða lykt? (bls. 3, 4, 7 og 17).
 - c. Hefur hugsanleg mengun vegna ósons í umhverfi fiskþurrkunarinna verið mæld?
 - d. Hefur heilbrigðiseftirlitið lesið reglugerð nr. 745/2003. Reglugerð um styrk ósons við yfirborð jarðar.
2. Hvað hafa borist margar kvartanir eftir að nýi búnaðurinn var settur upp?
3. Hvernig er eftirliti með starfsemi fiskþurrkunarinnar háttað?
4. Er fyrirhugað að fylgjast með lyktarmengun um helgar?
5. Hver sér um eftirlit með ferskleika hráefnisins, meðferð þess og meðhöndlun? (bls. 4)
6. Hvaða mælitæki voru notuð við lyktarmatið sem sagt er frá í viðauka 3? (bls. 24 - 25)
7. Var e.t.v. bara notast við lyktarskyn þess sem sá um matið? Tekur þessi einstaklingur e.t.v. í nafið?
8. Hvaða reglur gilda um skráningu kvartana? (bls. 15) (Við höfum efasemdir um að tölur um fjölda kvartana sem fram koma á mynd 4 séu réttar.)

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar

1. Hvað kostaði vinnan við skýrslu VSÓ ráðgjafar?
2. Hefur Akraneskaupstaður fjallað um skýrslu VSÓ? Er til fundargerð eða samantekt?
3. Hver eru viðurlögin ef fyrirtækið brýtur starfsleyfið?
4. Það eru til Evrópureglugerðir um svona lyktarmengun, þessar reglugerðir gilda einnig á EES svæðinu. Hafa þessar reglugerðir verið skoðaðar og þekkja aðilar kröfur þeirra?
5. Af hverju hefur Akraneskaupstaður ekki gert kröfu um umhverfisstjórnun hingað til, gagnvart HB Granda (öðrum fyrirtækjum)? Skv. skýrslu VSÓ er hún ekki til staðar hjá HB Granda.
6. Geta íbúar sem búa við lyktarmengun farið fram á að Akraneskaupstaður kaupi eignir þeirra ef af stækkun verður?
7. Er fyrirhugað að framkvæma áhættumat hvað varðar streitu og heilsufarsáhrif íbúa?
8. Er fyrirhugað að athuga hvaða áhrif stækkun hefur á annan atvinnurekstur?
9. Nú ætlar Akraneskaupstaður að láta gera fyrir sig fólksfjölgunarspá. Verður fyrirhuguð stækkun fiskþurrkunar inni í þeirri spá?
10. Er búið að taka ákvörðun?